

## Fundargerð

4. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.  
26. júní 2020 kl. 12:00 í húsnæði Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, Reykjavík

### Mætt:

Stefán Gíslason (SG) formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG) og Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ). Ásta Einarsdóttir (ÁE), Erla Sigríður Gestdóttir (ESG), Gauti Jóhannesson (GJ) og Jón Björn Hákonarson (JBH) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Jón Þórðarson boðaði forföll.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Jón Smári Jónsson sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Innkomnar athugasemdir við lýsingu og viðbrögð við þeim.

Svæðisráð fékk samantekt og drög að viðbrögðum sent í tölvupósti þann 18. júní síðastliðinn ásamt því að allar athugasemdir sem bárust voru vistaðar á svæði ráðsins inn á Teams. EAÁ kynnir samantekt skriflegra ábendinga og athugasemda við lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og drög að viðbrögðum við þeim. Í lokaútgáfu skjalsins verða viðbrögð við athugasemdum tekin betur saman til þess að draga úr endurtekningum. Farið var yfir samantektina og fyrirbyggjandi drög að viðbrögðum samþykkt með minniháttar breytingum. EAÁ falið að ganga frá skjalinu til útgáfu.

#### 2. Ósk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um umsögn um hugsanlegar takmarkanir eða bann við fiskeldi eða ákveðnum eldisaðferðum í sjókvíum í sunnanverðum Norðfjarðarflóa

ÁE sagði frá því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur óskað eftir umsögnum Fiskistofu, Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitarfélags um hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Viðfirði og Hellisfirði. Erindið er sent á grundvelli 1. mgr. 6. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Bréf ráðherra var kynnt á fundinum.

#### 3. Minnisblað um samspil vinnu við gerð strandsvæðisskipulags við skilgreiningu eldissvæða samkvæmt lögum um fiskeldi.

Spurningar hafa vaknað um samspil annarsvegar ákvarðana um nýtingu fjarða og flóa í strandsvæðisskipulagi á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða og hinsvegar ákvarðana Hafrannsóknastofnunar um eldissvæði á grundvelli laga um fiskeldi. Að þessum sökum óskaði formaður svæðisráðs eftir því að Skipulagsstofnun tæki saman upplýsingar um það efni. Skipulagsstofnun sendi svæðisráðum minnisblað (dags. 16. júní) þess efnis með tölvupósti þann 19. júní síðastliðinn. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram það mat Skipulagsstofnunar út frá ákvæðum fyrrgreindra laga og sjónarmiðum um heildstæða stefnumótun um skipulagsmál í fjörðum og flóum að æskilegra sé að strandsvæðisskipulagið komi á undan eða samhliða afmörkun Hafrannsóknastofnunar á eldissvæðum fyrir fiskeldi. Efni minnisblaðsins var rætt á fundinum. ÁE lýsti yfir ákveðnum áhyggjum af þessu samspili.

#### 4. Ferlið framundan og verkáætlun

EAÁ fór yfir stöðu skipulagsferlisins og vinnuna framundan við mótun tillögu og umhverfismat. Meðal helstu verkefni í þessari vinnu eru mótun nýtingaflokka sem verða notaðir til þess að setja stefnu fram á uppdrætti. Annar hluti vinnu við að móta stefnu er greining á þeim sviðsmyndum og valkostum sem koma til greina við stefnumörkunina og umhverfismat þeirra.

Vinna við þessi verkefni hefst í ágúst og september og er áætlað að þeim verði lokið í apríl 2021. Að því loknu tekur við kynning og lokaafgreiðsla. Í þeim áfanga felst afgreiðsla svæðisráðs á tillögu til auglýsingar, úrvinnsla athugasemda sem berast við tillöguna, samþykki svæðisráðs á tillögu og staðfesting ráðherra. Áætlað er að þessi vinna fari fram á tímabilinu frá maí og fram á haust 2021. Þá var farið yfir áætlun um næstu fundi svæðisráðsins og hvert efni fundanna verður. Minnt á að samráðsfundir sem áttu að vera í apríl og var frestað vegna samkomutakmarkana, verða haldnir í haust.

## 5. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 15:00

Undirritun fundargerðar